

## REGLUGERÐ

**um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta  
skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.**

### 1. gr.

Þar sem takmarkaðar innfjarðaraekjuveiðar voru stundaðar í Arnarfirði og engar innfjarðaraekjuveiðar voru stundaðar á Húnaflóa, Skagafirði, Skjálfsanda, Öxarfirði og norðurfjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðíarinu 2014/2015, skal á fiskveiðíarinu 2015/2016 úthluta aflamarki sem nemur samtals 601 þorskígildislestum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðaraekju á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertíðanna 1996/1997 - 2005/2006 að frádregnum afla í innfjarðarrækju fiskveiðíarsins 2014/2015 á viðkomandi svæði, nema á Eldeyjarsvæði skal miða við almanaksárið 2014. Verðmætastuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi og koma 15 þorskígildislestir í hlut báta frá Arnarfirði, 148 þorskígildislestir í hlut báta við Húnaflóa, 153 þorskígildislestir í hlut báta við Skagafjörð, 70 þorskígildislestir í hlut báta á Skjálfsanda, 201 þorskígildislest í hlut báta við Öxarfjörð og 14 þorskígildislestir í hlut báts í norðurfjörðum Breiðafjarðar.

### 2. gr.

Þar sem engar hörpudisksveiðar voru stundaðar í Arnarfirði, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði á fiskveiðíarinu 2014/2015 skal á fiskveiðíarinu 2015/2016 úthluta aflamarki sem samtals nemur 983 þorskígildislestum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla áranna 1998 til 2007. Verðmætastuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 7 þorskígildislestir í hlut báta frá Arnarfirði, 33 þorskígildislestir í hlut báta við Húnaflóa, 919 þorskígildislestir í hlut báta við Breiðafjörð og 24 þorskígildislestir í hlut báta við Hvalfjörð.

### 3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeilda sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2015. Uppbæturnar skulu skiptast á eftирgreindar tegundir: Porsk, ýsu, ufsa og steinbít, í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2015.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. júlí 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Hinrik Greipsson.*